

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 15. maí 2026

Mál nr. S-18/2026:

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

(Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Sigurði Árna Hugasyni

(Elisabeth Matthíasdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 6. maí sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Vestfjörðum 18. mars sl. á hendur Sigurði Árna Hugasyni, [...], [...]: „fyrir líkamsárás fyrir utan félagsheimilið á Patreksfirði, Aðalstræti 63, aðfaranótt 30. maí 2025, með því að hafa ráðist á A, kt. [...], með því að skalla hann í andlitið. Afleiðing þessa fyrir A var sú að hann hlaut eymsli og væg bólgumerki við nefrót, báðu megin nasar, blæddi úr og hlaut bólgu og sár í efri vör og nokkuð mar í munnslímhúð á innanverðri efri vör.“

Telst háttsemin varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu krefst brotapolí, A, þess að ákærði verði dæmdur til að greiða sér miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 31. maí 2025 þar til mánuður er liðinn frá birtingu ákæru en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga.

Þá gerir brotapolí kröfu um málskostnað úr hendi ákærða sér að skaðlausu.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að sækjanda, verjanda ákærða og lögmanni einkaréttarkröfuhafa hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði, ákvörðun refsingar og atriði er varða einkaréttarkröfu.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt og er með játningu hans, sem fær stoð í gögnum málsins, sannað að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Er brotið jafnframt rétt heimfært til 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í ákæru og verður refsing ákveðin á grundvelli 1. mgr. lagagreinarinnar. Ákærði krefst vægustu

refsingar sem lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin að fullu. Þá viðurkennir ákærði bótaskyldu en krefst þess að fjárhæð einkaréttarkröfu verði lækkuð stórlega. Loks krefst ákærði málskostnaðar að mati dómsins og að skipuðum verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg þóknun.

Ákærði er fæddur árið [...] og hefur sakaferill hans ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Við þá ákvörðun er jafnframt litið til skýlausrar játningar ákærða og viðurkenningar á bótaskyldu gagnvart brotþola auk þess sem hann lýsti eftirsjá vegna árásarinnar fyrir dómi. Þá þykir fært að horfa til þess að ákærði er ungur að árum en hann var [...] árs þegar atvik máls áttu sér stað. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að ákærði réðist fyrirvaralaust og að tilefnislausu á brotþola og beindist árásin að höfði brotþola. Enda þótt ekkert bendi til þess að brotþoli hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna árásarinnar er horft til þess að almennt er um hættulegan verknað að ræða. Með vísan til framangreinds, sakarefnisins og dómvenju og 1., 3., 4., 5., 7. og 8. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Rétt þykir að mæla fyrir um að fullnustu refsingarinnar verði frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur í málinu verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga sem lýtur að líkamsárás. Með brotinu hefur ákærði skapað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola. Ákærði mótmælir ekki bótaskyldu en krefst lækkunar bótakröfu sem fyrir greinir. Með háttseminni, sem var bæði saknæm og ólögmæt, hefur ákærði valdið brotþola líkamstjóni og eru skilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu uppfyllt. Að þessu virtu og með hliðsjón af a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og dómvenju þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Krafan var kynnt ákærða við birtingu ákæru 18. mars sl. Með hliðsjón af því og 9. gr. laga nr. 38/2001 miðast upphafstími dráttarvaxta við 18. apríl sl. Brotþoli á jafnframt tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna kröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008, en sá kostnaður þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur með hliðsjón af efni og umfangi málsins.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, 264.953 krónur, en til hans telst þóknun skipaðs verjanda hans, Elisabethar Matthíasdóttur lögmanns, 248.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og

kostnaður vegna útgáfu áverkavottorðs, 16.953 krónur. Við ákvörðun á þóknun verjanda hefur m.a. verið höfð hliðsjón af reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026.

Af hálfu ákærvaldsins fór með málið Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Árni Hugason, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 150.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. maí 2025 til 18. apríl 2026 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði brotþola 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 264.953 krónur í sakarkostnað en hann samanstendur af þóknun skipaðs verjanda ákærða, Elisabethar Matthíasdóttur lögmanns, 248.000 krónur, og öðrum sakarkostnaði, 16.953 krónur.

Oddur Þorri Viðarsson